

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Domus Medica, sjálfseignarstofnun.

1. gr.

Domus Medica er sjálfseignarstofnun sem Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur stofnuðu, hvort félag með 100.000 króna framlagi, til eflingar og styrktar íslenskrí læknastétt. Skipulagsskrá var staðfest af forseta Íslands 26. apríl 1960.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að auknu samstarfi lækna og efla fræðslu-, vísinda- og félagsstarfsemi þeirra, m.a. með því að leggja til húsnaði í því skyni.

3. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Domus Medica skipa 5 lækna og skulu þeir vera félagar í Læknafélagi Íslands. Tveir lækna skulu vera til vara. Stjórnin kys sér fómenn, varaformann, ritara og gjaldkera og skiptir með sér störfum að öðru leyti eftir því sem henni þykir henta. Stjórnin heldur fundi þegar fómenni þykir við þurfa, en auk þess er fómanni skylt að boða til fundar, þegar þrír stjórnendur eða endurskoðandi stofnunarinnar krefjast þess.

4. gr.

Stjórnin tilnefnir sjálf mann eða menn í stað þeirra, er úr henni ganga, enda samþykki stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur tilnefninguna. Sama gildir um tilnefningu varamanna.

Einn maður gengur úr stjórninni ár hvert, eftir starfsaldri. Endurtilnefning er heimil.

5. gr.

Þrír stjórnarmenn skuldbinda stofnunina með undirskrift sinni.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum.

Sjórnarmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum, er þeir stofna til vegna stofnunarinnar.

6. gr.

Stjórn Domus Medica skal ávaxta fé stofnunarinnar með þeim hætti, sem hún telur tryggastan.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu liggja fyrir í lok apríl-mánaðar, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu sendir stjórnnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema fjórir stjórnarmenn samþykki breytingarnar og þær verði síðan samþykktar af stjórnnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

8. gr.

Verði sjálfseignarstofnunin Domus Medica lögð niður, skulu eignir hennar skiptast að jöfnu milli Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sem tekur við af fyrri skipulagsskrá, sbr. 1. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Austur-Landeyjahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, hvern skráðan íbúa, hvert sumarhús og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Austur-Landeyjahrepps. Gjaldið skal innheimt sérstaklega með gjalddaga 1. september ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

| | | | |
|----------------------------------|----------------|-----|-------|
| A) Íbúðir, sumarhús og fyrirtæki | sorphirðugjald | kr. | 2 500 |
| B) Sérhver skráður íbúi | “ | “ | 500 |

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 25. maí 1994.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.